




Berghlaup og sandöldur í norðvestur Ius Chasma

Hér sést dökkleitt efni sem liggur frá hjöllum í berghlaupinu og myndar sandöldur og aðrar dökkar vindbornar rákir. Gögn frá CRISM litrófsritanum, sem gefa okkur jarðfræðilegt samhengi svæðisins og efnasamsetningu þess, benda til að sandöldurnar eig rætur að rekja til efnis úr berghlaupinu. Á öðrum svæðum myndarinnar sjást smærri gárur og sléttari og ávalari áferð á skriðunni, sem er til merkis um flutning með vindi og rof í langan tíma.